

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 881/2003 um niðurfellingu eða endurgreiðslu tolla fyrir matvælaiðnað.

1. gr.

a-liður 2. tl. 2. gr. orðist svo: Starfrækja matvælavinnslu í atvinnuskyni, þó ekki veitingarekstur, mótuneyti, kjöt- eða fiskborð matvælaverslana.

2. gr.

3. gr. reglugerðarinnar er hefur fyrirsögnina *Fyrirvari* verður svohljóðandi:

Hafi undanþága frá greiðslu tolls af innfluttum landbúnaðarhráefnum, sem ekki eru upprunaefni samkvæmt bókun 4 við EES-samninginn, verið veitt skv. 1. gr. geta fullunnu vörurnar ekki notið tollfríðinda við innflutning þeirra til EES-ríkja. Sami fyrirvari gildir vegna hliðstæðra ákvæða í stofnsamningi EFTA og öðrum fríverslunarsamningum sem Ísland á aðild að.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimildum í 9. tl. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 6. gr. tollalaga, nr. 55/1987 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 18. maí 2004.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.